

Brim hf.  
Norðurgarði 1  
101 Reykjavík

Reykjavík, 22. nóvember  
2022UST202202-002/G.S.O.  
08.12.02

### **Efni: Málslok**

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 30. september 2022 þar sem stofnunin samþykkti úrbótaáætlun vegna frávíka er fram komu í eftirliti í fiskimjölsverksmiðju Brims á Vopnafirði þann 10. ágúst sl. Úrbótum er nú lokið.

Frávikin voru eftirfarandi:

- 1. Gr. 20 í reglugerð nr. 884/2017 um varnir geng olíumengun frá starfsemi á landi.** Rekstraraðili skal láta þykktarmæla botn og neðsta umfar olíubirgðageyma eigi sjaldnar en á tíu ára fresti. Ekki höfðu borist upplýsingar um botnþykktarmælingar á tveimur minni lýsisgeymum rekstraraðila. **Þykktarmælingu var lokið 15. nóvember 2020 og er frávikinu því lokið.**
- 2. Gr. 3.2 í starfsleyfi.** Fitu, svifefni og COD í frárennsli verksmiðjunnar skal mæla árlega og skila niðurstöðum til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert. Mælt skal í frárennsli frá fitugildru og öðrum hreinsibúnaði og skal mælingin ná yfir einn sólarhring. Ekki var ljóst, skv. skýrslu frá rekstraraðila, hvort farið var eftir ákvæðum starfsleyfis varðandi verklag við sýnatöku ársins 2021. **Rekstraraðili benti á að um innsláttarvillu hefði verið að ræða varðandi tímalengd mælinga og var hún leiðrétt 30. september 2022.**

**Umhverfisstofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur og telst frávikunum lokið. Aðstæður verða skoðaðar í næsta eftirliti.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson  
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir  
lögfræðingur